

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

4. áfangi Helgafellshverfis – ÍB302.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og felur í sér breytingar á lóðum, lóðamörkum og byggingarreitum í nokkrum götum hverfisins. Helst breytast lóðamörk milli Liljugötu 2-4 og Lóugötu 24 og 26. Lóð við Liljugötu stækkar um 168 fermetra en aðliggjandi lóðir og byggingarreitir við Lóugötu aðlagast og húsagerðum er breytt. Lóðir við Liljugötu 9-17 og 19-25, Huldugötu 1-13 og Lóugötu 1-11 stækka lítillega. Lóð Kolbrúnargötu 2 minnkar. Bíla-stæðum við Kolbrúnargötu 8, 14, 20 og 28 auk Lóugötu 2-20 er hliðrað til. Annað í skipulagi er óbreytt.

Hrafnshöfði 17 – ÍB115.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og felur í sér að heimilt verði að stækka byggingarreit til jafns við suðurgafli hússins, breidd byggingarreits verður 10,0 m og fer 4,5 m út frá húsi. Heimilt verði að byggja einnar hæðar viðbyggingu. Annað í skipulagi er óbreytt.

Skeljatangi 10 – ÍB115.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og felur í sér stækkun á byggingarreit um 5 m til norðvesturs. Byggingarreitur stækkar um 33 m². Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 6. febrúar 2023,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. febrúar 2023